

Nr. 1113

28. nóvember 2013

AUGLÝSING um deiliskipulag í Borgarfjarðarhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag að Stakkahlíð í Loðmundarfirði.

Í deiliskipulaginu felst að á jörðinni Stakkahlíð í Loðmundarfirði verði gert ráð fyrir 495 m² lóð fyrir vélageymslu á vegum eiganda Stakkahlíðar. Lóðin er staðsett við vegamót við Prestaklif þar sem vegur liggur niður að ósi Fjarðarár. Þar er fyrirhuguð bygging tveggja smáhýsa fyrir farartæki Veiðifélagsins Loðmundar og Loðmfirðinga s.s. snjósleða vegna vetrardvalar á svæðinu. Svæðið er á landbúnaðarsvæði og á náttúrumuinjaskrá. Svæðið er hverfisverndað í aðalskipulagi. Deiliskipulagið er í samræmi við meginmarkmið aðalskipulags Borgarfjarðarhrepps 2001-2016.

Samþykkt í hreppsnefnd 7. október 2013.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Seyðisfirði, 28. nóvember 2013.

Sigurður Jónsson byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 13. desember 2013